



## Viðbragðsáætlun vegna fáliðunar

Fáliðun í leikskólanum telst vera til staðar þegar of fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda barna hverju sinni í skólanum. Miðað er við að barngildi fari ekki yfir 8 á hvern starfsmann á meðan unnið er eftir skipulagðri dagskrá samkvæmt stundaskrá skólans.

Fáliðun er fundin út með reiknilíkani sem reiknar út hlutfall starfsmanna og barna á hverjum tíma dagsins. Ef starfsmenn á deild reynast of fáir miðað við barngildi er ekki tekið á móti tilteknum fjölda barna eða tiltekinn fjöldi barna send heim samkvæmt sérstöku kerfi. Reynt er að tilkynna foreldrum um skerðingu á dvalartíma með eins löngum fyrirvara og kostur er.

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma skoða leikskólastjóri og deildarstjóri samsetningu hópsins og fara yfir hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi. Allir starfsmenn deildarinnar vinna saman og aðstoða við það sem til þarf og allir ganga í þau störf sem mikilvægast er að manna. Afleysing er kölluð inn ef möguleiki er á.

Þeir sem vinna hlutastörf bæta við sig vinnustundum og fá greitt í yfirvinnu /fritöku.

Starfsmenn sleppa kaffitímum og fá þá greidda í yfirvinnu/fritöku.

Ef sú neyðarstaða kemur upp að ekki er möguleiki á að taka á móti öllum nemendum skólans hluta úr degi eða heilan dag er farið eftir stafrófsröð hvaða nemendur skulu vera heima. Byrjað er á að senda það barn heim sem er fyrst á nafnalistanum og svo koll af kolli eftir því hve marga nemendur þarf að senda heim hverju sinni. Næsta skipti er síðan haldið áfram eftir listanum þar sem frá var horfið. Þegar um systkini er að ræða er boðið upp á sama tíma og þegar kemur að því barni í stafrófsröðinni er hoppað yfir það nafn. Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu skulu börn leikskólastarfsmanna ekki send heim.

Ef grípa þarf til þessarar áætlunar er það fyrst og fremst gert til að tryggja öryggi nemenda, Reynt er að fylgja skipulagi eins og kostur er hverju sinni. Einnig er hlutverk áætlunarinnar að fyrirbyggja aukið álag á starfsmenn leikskólans.